

HELLISHEIÐARVIRKJUN, BYGGING Á NÝJU STÖÐVARHÚSI FYRIR VÉLAR 5 OG 6

Ákvörðun um matsskyldu

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að bygging á nýju stöðvarhúsi fyrir vélar 5 og 6 og tilheyrandi mannvirki, á svæði um 500 m norðaustan stöðvarhúss Hellisheiðarvirkjunar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að megináhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar verði sjónræn. Umfangsmikil og há mannvirki, með gufustrókum, verða á nýju svæði og munu auka sjónræn áhrif af mannvirkjum og rekstri Hellisheiðarvirkjunar, sem séð frá Suðurlandsvegi verði nokkur en af gönguleið um Sleggjubeinsskarð talsverð.

Skipulagsstofnun telur að áhrif á gróður og jarðmyndanir verði óveruleg þar sem framkvæmdasvæðinu hefur nú þegar verið raskað að hluta og ekki verður raskað sjaldgæfum gróðurtegundum, votlendi eða jarðmyndunum sem njóta verndar.

Skipulagsstofnun telur að nokkur neikvæð áhrif verði á læk sem rennur um byggingarsvæðið og þarf að færa í nýjan skurð.

Stofnunin telur að áhrif á grunnvatn verði óveruleg þar sem fyrirhugað er að kælivatn og umfram þéttivatn verði leitt að núverandi og fyrirhuguðum niðurrenslisholum og blandað saman við skiljuvatn sem losað verði í dýpri jarðlög neðan grunnvatns.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins Ölfuss skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. reglugerðum nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir samþykkt breyting á deiliskipulagi Hellisheiðarvirkjunar og er deiliskipulagsbreytingin háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Orkuveita Reykjavíkur og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 2. september 2008.

30. júlí 2008

INNGANGUR

Þann 28. apríl 2008 tilkynnti Orkuveita Reykjavíkur til Skipulagsstofnunar byggingu á nýju stöðvarhúsi fyrir vélar 5 og 6 og tilheyrandi mannvirki á svæði um 500 m norðaustan stöðvarhúss Hellisheiðarvirkjunar, en gert hafði verið ráð fyrir þeim á byggingarreit stöðvarhússins við Kolviðarhól. Tilkynningin er samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Sveitarfélagsins Ölfuss, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, iðnaðarráðuneytis, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Sveitarfélaginu Ölfusi með bréfi dags. 15. júlí 2008, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 14. maí 2008, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 13. maí 2008, iðnaðarráðuneyti með bréfi dags. 3. júní 2008, Orkustofnun með bréfi dags. 6. maí 2008 og Umhverfisstofnun með bréfum dags. 4 júní og 21. júlí 2008. Frekari upplýsingar bárust frá Orkuveitu Reykjavíkur með bréfum dags. 20. maí, 9. júlí og 22. júlí 2008.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Samkvæmt framlögðum gögnum Orkuveitunnar felst fyrirhuguð framkvæmd í byggingu mannvirkja sem þegar hefur verið fjallað um í mati á umhverfisáhrifum Hellisheiðarvirkjunar og stækkunar hennar. Um er að ræða stöðvarhús fyrir tvær vélar, tvær gufuaðveituæðar, gufulokahús, tvo gufuháfa og tvo kæliturna, auk frárennslis frá kæliturnum og stöðvarhúsi. Þá er fyrirhugað að færa veg sem liggur inn í Sleggjubeinsdal til að beina umferð framhjá framkvæmdasvæðinu. Fram kemur að áætlað hafi verið að ofangreind mannvirki myndu rísa á byggingarreit við Kolviðarhól. Í ljós hafi komið að ekki sé nægilegt rými innan reitsins og því ákveðið að færa byggingarreit fyrir vélar 5 og 6 ásamt tilheyrandi mannvirkjum um 500 m norðaustar á iðnaðarsvæði Hellisheiðarvirkjunar.

Gufuaðveituæðar. Samkvæmt framlögðum gögnum verður gufa leidd að stöðvarhúsi um gufuaðveituæðar sem verða á yfirborði eins og greint var frá í matskýrslu vegna stækkunar Hellisheiðarvirkjunar. Gert er ráð fyrir fjórum aðveitulögnum í stað sex sem verða 1-1,4 m að þvermáli og verður lagnaleið um 1 km styttri en að stöðvarhúsi við Kolviðarhól.

Lokahús og gufuháfar. Samkvæmt framlögðum gögnum er gert ráð fyrir byggingu um 310 m² gufulokahúss og tveggja 20 m hárra gufuháfa. Gufuháfar verða samskonar þeim sem fyrir eru við Kolviðarhól. Eftir færslu verða því tveir gufuháfar á hverjum stað í stað fjögurra við Kolviðarhól.

Kæliturnar. Fram kemur að gert sé ráð fyrir tveimur 900-1200 m² kæliturnum, 15-20 m háum og muni kæliturnum þannig fækka um tvo á byggingareit við Kolviðarhól en gert hafi verið ráð fyrir allt að sjö kæliturnum þar.

Stöðvarhús. Fram kemur að nýtt stöðvarhús verður um 3.500 m².

Losun kælivatns og umfram þéttivatns. Fram kemur að þéttivatni frá stöðvarhúsi verði að hluta veitt í kæliturna og nýtt þar sem kælivatn. Þéttivatn er þétt gufa, sem sé nánast eimað vatn. Fyrirkomulag losunar kælivatns og umfram þéttivatns verður með sama hætti og gert er við Kolviðarhól. Umfram þéttivatni frá vélum verður veitt í

svelgholu við stöðvarhúsið, áætlað frárennsli frá hvorri vél er um 25 kg/s. Yfirfalli úr kæliturnum verður veitt um niðurgrafna lögn í svelgholu í nágrenni kæliturna. Áætlað frárennsli frá kæliturnum við vélar 5 og 6 er um 20-25 kg/s frá hvorri vél.

Færsla vegar. Fram kemur að fyrirhugað sé að færa veg sem liggja inn í Sleggjubeinsdal til að beina umferð vestur fyrir og framhjá framkvæmda- og vinnslusvæði. Nýi vegurinn verði um 550 m langur og 6,5 m breiður og magn fylliefnis í veginn verði um 3.000 m³.

Fram kemur að með uppbyggingu Hellisheiðarvirkjunar hafi ásýnd svæðisins við Kolviðarhól og í Sleggjubeinsdal breyst. Talið sé að bygging á nýju húsi fyrir vélar 5 og 6 og tilheyrandi mannvirki muni ekki leiða til breytinga á heildaráhrifum Hellisheiðarvirkjunar á landslag. Fram kemur að fyrirhugaður byggingarreitur og lagnaleiðir séu á svæði sem þakið sé framburði og hafi verið raskað að hluta og því muni framkvæmdin hafa óveruleg áhrif á jarðmyndanir. Frárennsli frá kæliturnum við vélar 5 og 6 er ferskvatn blandað efnasnaudu þéttivatni og sé talið að losun þess um svelgholu hafi því ekki áhrif á gæði vatns í efri grunnvatnslögum. Fram kemur að fyrirhugaður byggingarreitur sé á svæði sem einkennist annars vegar af graslendi og mosagróðri og hins vegar lítt grónum mel og sé svæðið að hluta til raskað. Gróið land muni fara undir mannvirki en framkvæmdin sé talin hafa óveruleg áhrif á gróður þar sem ekki sé um að ræða votlendi né sjaldgæfar tegundir. Fram kemur að þar sem ekki séu þekktar menningarminjar sem hættu sé á að verði raskað vegna fyrirhugaðra framkvæmda séu áhrif framkvæmdar á minjar talin verða óveruleg.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé innan iðnaðarsvæðis til jarðhitavinnslu samkvæmt Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014 en breyta þarf deiliskipulagi Hellisheiðarvirkjunar.

ÁLIT UMSAGNARADILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARADILA

Almennt. Í umsögnum Sveitarfélagsins Ölfuss, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, iðnaðarráðuneytis og Orkustofnunar kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Forsendur flutnings. Umhverfisstofnun óskar eftir því að gerð sé nánari grein fyrir hvað valdi því að nú sé ekki talið vera nægilegt rými fyrir mannvirkin á þeim stað þar sem þau hafi átt að rísa samkvæmt fyrri umfjöllun um framkvæmdirnar, sbr. t.d. mat á umhverfisáhrifum vegna stækkunar Hellisheiðarvirkjunar.

Í svörum Orkuveitunnar kemur fram að eftir að mat á umhverfisáhrifum hafi verið unnið hafi verið ákveðið að auka nýtni virkjunarinnar með því að setja upp lágþrýstihverfil. Lagnir og búnaður tengdur þessari framkvæmd hafi skert verulega rýmið við orkuverið, þannig að Orkuveita Reykjavíkur hafi talið nauðsynlegt að færa vélar 5 og 6 á nýjan stað. Fram kemur að við ákvörðun um breytta staðsetningu stöðvarhúss fyrir vélar 5 og 6 var tekið tillit til þess að gufan sem mun knýja vélarnar kemur ofan af Skarðsmýrarfjalli og reynt að hafa lagnaleiðir sem stýstar. Einnig var tekið tillit til helgunarsvæðis háspennulína og þekktra fornleifa.

Landslag / sjónræn áhrif. Umhverfisstofnun vekur athygli á að mannvirki og framkvæmdir vegna Hellisheiðarvirkjunar hafa nú þegar haft í för með sér töluverð sjónræn áhrif og breytingar á ásýnd Hellisheiðar. Mannvirkin eru vel sýnileg frá

fjölförnum stöðum. Stofnunin telur því eðlilegt að allar frekari framkvæmdir miði að því að halda auknum sjónrænum áhrifum í lágmarki og að vandað verði til allrar uppbyggingar á svæðinu, m.a. með því að takmarka frekar rask á svæðinu. Stofnunin telur að ekki hafi verið sýnt fram á að fyrirhugaðar breytingar á framkvæmdum muni ekki hafa í för með sér umtalsverð sjónræn áhrif og því nauðsynlegt að leggja fram frekari gögn varðandi sjónræn áhrif framkvæmda. Leggja þurfi fram myndir af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sem sýni hvernig líklegt sé að þau mannvirki sem ætlunin sé að reisa, muni fara í landinu, áhrif þeirra á landslag og ásýnd svæðisins miðað við mismunandi sjónarhorn, þ.e. frá helstu stöðum þaðan sem sjónrænna áhrifa muni gæta.

Í svörum Orkuveitunnar kemur fram að með færslu á vélum 5 og 6 sé ekki verið að auka við sjónræn áhrif mannvirkja Hellisheiðarvirkjunar. Upplifun áhorfandans muni breytast þar sem staðsetning mannvirkja verði önnur en upphaflega hafi verið áætlað. Frá Sleggjubeinsdal og gönguleiðinni þar upp muni sjónræn áhrif virkjunarmannvirkja breytast vegna nálægðar við fyrirhuguð mannvirki og þá verði lagnaleiðir styttri en áður var áætlað og minna umfang mannvirkja á stöðvarhúsreit við Kolviðarhól. Með breyttri legu vegar að Sleggjubeinsdal verði umferð leidd framhjá stöðvarhúsi véla 5 og 6 og skiljustöð 1. Þetta ætti að draga úr sjónrænum áhrifum virkjunarmannvirkja á Hellisheiði.

Með svörunum fylgdi kort með sýnileikagreiningu á mannvirkjum tengdum Hellisheiðarvirkjun. Séð frá Suðurlandsvegi muni fyrirhuguð mannvirki sjást á kaflanum frá vegamótum Suðurlandsvegar og Þrengslavegar að vegamótum Suðurlandsvegar og Hamragilsvegar. Frá gönguleið um Sleggjubeinsskarð sjáist flest virkjunarmannvirki vel ásamt háspennumöstrum. Fyrirhuguð mannvirki verði í forgrunni frá útsýnisstað í Sleggjubeinsskarði, en verði þó hluti af því manngerða landslagi sem fyrir er á Hellisheiði í grennd við Kolviðarhól.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að nýr staður innan virkjunarsvæðisins er tekinn undir mannvirki en á móti dregur úr umfangi mannvirkja á stöðvarhúsreit við Kolviðarhól. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdaraðili hafi sýnt fram á það með fullnægjandi hætti að ekki séu líkur á því að breytingin feli í sér umtalsverð áhrif hvað varðar sjónræn áhrif og áhrif á landslag.

Veglagning og áhrif á lækjarfarveg. Umhverfisstofnun bendir á að gera verði betur grein fyrir fyrirhugaðri veglagningu.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bendir á að skv. framlögðum gögnum er fyrirhugað stöðvarhús staðsett yfir fjallalæk sem renni um svæðið og er óskað eftir skýringum hvers vegna sú staðsetning er valin. Umhverfisstofnun telur að að gera verði nánari grein fyrir hvort gert sé ráð fyrir að útbúa nýjan „náttúrulegan“ farveg fyrir lækinn og hvert honum verði veitt.

Í svörum Orkuveitunnar kemur fram að með færslu vegarins hafi verið horft til þess að tryggja betur aðgengi almennings og útivistarfólks á framkvæmdatíma að bílastæðum við upphaf gönguleiðar yfir í Innstadal um Sleggjubeinsskarð og á Hengilinn. Auk þess hafi við ákvörðun um staðsetningu stöðvarhúss fyrir vélar 5 og 6 og tilheyrandi mannvirkja verið tekið tillit til þess að gufan, sem muni knýja vélarnar, komi ofan af Skarðsmýrarfjalli og horft hafi verið til staðsetningar annarra mannvirkja, m.a. háspennulína og helgunarsvæðis þeirra og reynt að hafa lagnaleiðir

sem stytar. Því hafi þessi staðsetning vegarins orðið fyrir valinu sem geri það að verkum að leiða þurfi lækinn norður og vestur fyrir fyrirhugað framkvæmdasvæði. Ætlunin sé að sameina lækjarfarveginn í skurði við leysingafarveg ofan úr Hamragili og telur Orkuveitan að færsla lækjarins sé óveruleg breyting og muni ekki hafa áhrif á votlendið vestan framkvæmdasvæðisins, þar sem vatnið muni renna út í mýrina á svipuðum slóðum og það geri í dag.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að mikilvægt sé að tryggt verði óbreytt vatnsflæði í mýrina.

Vatn. Umhverfisstofnun telur að gera verði grein fyrir hvers vegna gert sé ráð fyrir losun þéttivatns í svelgholu sem framtíðarlausn við förgun affallsvatns og hvernig það samræmist úrskurðum um mat á umhverfisáhrifum fyrir Helligheidarvirkjun og stækkun hennar.

Í svörum Orkuveitunnar kemur fram að fyrirhugað sé að breyta niðurrennsli sveitu Helligheidarvirkjunar fyrir skiljuvatn. Tilgangur fyrirhugaðrar breytingar á niðurrennsli sveitu virkjunarinnar sé að tryggja stöðugt niðurrennsli affallsvatns frá Helligheidarvirkjun í dýpri jarðlög. Ein tilraunahola, HN-09 hefur verið boruð og lofar góðu um framhaldið. Í greinargerð með tilkynningu hafi verið lýst núverandi fyrirkomulagi losunar kælivatns og þéttivatns (efnasnautt vatn) sem sé tímabundin lausn. Losun kælivatns og umfram þéttivatns frá vélasölum 5 og 6 verði ekki með þeim hætti því til standi að dæla þéttivatni að niðurrennslisholum og blanda saman við skiljuvatn sem losað verði í dýpri jarðlög niður fyrir grunnvatn.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að í svörum framkvæmdaraðila komi m.a. fram að til standi að dæla þéttivatni að niðurrennslisholum og blanda saman við skiljuvatn sem verði losað í dýpri jarðlög niður fyrir grunnvatn. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að losun þéttivatns og skiljuvatns verði strax með þeim hætti og að ekki verði um að ræða tímabundna losun í svelgholur.

Niðurstaða Umhverfisstofnunar er að með hliðsjón af þeim gögnum sem framkvæmdaraðili hefur lagt fram telur stofnunin ekki líklegt að færsla vélasala fyrir vélar 5 og 6 ásamt kæliturnum og öðrum tilheyrandi mannvirkjum austar á virkjunarsvæðið muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða byggingu á nýju stöðvarhúsi fyrir vélar 5 og 6 og tilheyrandi mannvirki, á svæði um 500 m norðaustan stöðvarhúss Helligheidarvirkjunar í stað þess að hafa byggingarnar við stöðvarhús virkjunarinnar við Kolviðarhól. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að megináhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar verði sjónræn. Ljóst er að bygging stöðvarhúss á nýjum stað fyrir vélar 5 og 6 og tengdra framkvæmda, tvær gufuaðveituæðar, gufulokahús, tveir gufuháfar og tveir kæliturnar, auk frárennslislagna frá kæliturnum og stöðvarhúsi mun enn auka á manngerða ásýnd svæðisins við Kolviðarhól, Hamragil og Sleggjubeinsdal. Umfangsmikil og há mannvirki, með gufustrókum, verða á nýju svæði og munu auka sjónræn áhrif af mannvirkjum og rekstri virkjunarinnar. Að mati Skipulagsstofnunar verða sjónræn

áhrif framkvæmdarinnar séð frá Suðurlandsvegi nokkur en af gönguleið um Sleggjubeinsskarð talsverð.

Skipulagsstofnun telur að miðað við framlögð gögn verði áhrif á gróður og jarðmyndanir óveruleg þar sem framkvæmdasvæðinu hefur nú þegar verið raskað að hluta og ekki verður raskað sjaldgæfum gróðurtegundum, votlendi eða jarðmyndunum sem njóta verndar.

Skipulagsstofnun telur að nokkur neikvæð áhrif verði á læk sem rennur um byggingarsvæðið og þarf að færa í nýjan skurð.

Skipulagsstofnun telur að áhrif á grunnvatn verði óveruleg verði kælivatn og umfram þéttivatn leitt að núverandi og fyrirhuguðum niðurrennslisholum og blandað saman við skiljuvatn sem losað verði í dýpri jarðlög neðan grunnvatns.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Orkuveitunnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að umhverfisáhrif nýs stöðvarhúss fyrir vélar 5 og 6 og tilheyrandi mannvirkja á reit um 500 m norðaustan stöðvarhúss Hellisheiðarvirkjunar liggja fyrir. Framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins Ölfuss skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. reglugerðum nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir samþykkt breyting á deiliskipulagi Hellisheiðarvirkjunar og er deiliskipulagsbreytingin háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Með kynningu á deiliskipulagi mun almenningi gefast tækifæri til að kynna sér fyrirhugaðar framkvæmdir.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Orkuveita Reykjavíkur og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisaðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 2. september 2008.

Þóroddur F. Þóroddsson

Sigurður Ásbjörnsson